

9. fundur stjórnar Kötlu jarðvangs, símafundur kl. 11 þann 11. desember 2013.

Í símanum: Rögnvaldur Ólafsson, Eiríkur Vilhelm Sigurðarson í forföllum Ásgeirs Magnússonar, Ingibjörg Eiríksdóttir og Ísólfr Gylfi Pálmason. Auk þess var á símafundinum Sigurður Sigursveinsson, varamaður Helgu Þorbergsdóttur, og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

- **Salernismál í Dyrhólaey.**

Eiríkur greindi frá fundi þeirra Ásgeirs með Umhverfisstofnun sl. föstudag. Fram kom að Umhverfisstofnun stefnir að því að koma upp salerni á lágeynni í sumar en hugsanlega mun því ekki ljúka fyrr en 2015. Umhverfisstofnun fer fram á að Mýrdalshreppur sjái um rekstur salernisins þegar landvörður er ekki á staðnum. Ekki er gert ráð fyrir fjármögnun frá Kötlu jarðvangi varðandi byggingu þessa salernis.

- **Fréttir af fjármálum IPA.**

Steingerður fór yfir stöðu mála varðandi fyrirhugaða uppsögn Evrópusambandsins á samningnum við Háskólafélagið um Kötlu jarðvang, m.a. frá símtali sínu við tengilið verkefnisins í Brüssel í gær. Formlegt bréf um áform ESB um uppsögn samningsins barst Háskólafélaginu sl. föstudag og hefur félagið allt að tveimur vikum til að bregðast við því. Á þessu stigi er samningurinn í gildi, en ef ESB segir upp samningnum þá mun honum í fyrsta lagi ljúka í lok febrúar, þ.e. fjórum mánuðum fyrr en gert var ráð fyrir. Miklu skiptir að í svari Háskólafélagsins við bréfinu frá ESB komi skýrt fram þau sjónarmið okkar að ekki beri að segja upp samningnum og rökin fyrir því. Háskólafélagið þarf að taka afstöðu til þess fyrir áramót hvort starfsmönnum Kötlu jarðvangs verði í ljósi stöðunnar sagt upp (með þriggja mánaða fyrirvara).

- **Fundir með sveitarstjórnnum.**

Stefnt er að því að funda með einstökum sveitarstjórnnum í janúar, hvort sem af uppsögn samningsins verður eður ei.

Stjórnarmenn munu fylgjast með framvindu mála með tölvupóstum frá Sigurði/Steingerði næstu daga og vikur og boðað verður til annars símafundar ef þurfa þykir.

Símafundu slitið kl. 11:45.